

Hafnarfjarðarbær
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 22. nóvember 2021
UST202111-124/Þ.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - lagning rafstrengs – Kaldárhraun og Gjárnar

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Hafnarfjarðarbær, dagsett 10. nóvember 2021, um leyfi til framkvæmda innan náttúruvættisins Kaldárhraun og Gjárnar.

Kaldárhraun og Gjárnar eru friðlýst sem náttúruvætti sbr. auglýsing nr. 396/2009. Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir í náttúruvættinu. Einnig er þar óheimilt að spilla gróðri og trufla dýralíf og eru skotveiðar bannaðar. Allar framkvæmdir innan náttúruvættisins eru háðar leyfi Hafnarfjarðarkaupstaðar og Umhverfisstofnunar. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við samþykkt skipulag og verndaráætlun.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til lagningu heimtaugar um 530 metra leið frá dreifistöð 51089 að inntakshúsi Vatnsveitu Hafnarfjarðar. Farið verður í sömu lagnalegu og núverandi strengur liggur í sem er meðfram gömlum vegi sem nýttur er sem gönguleið við mörk náttúruvættisins. Mokað verður ofan af núverandi streng og nýr lagður við hliðina á og jarðvegur settur yfir. Kort sem sýnir fyrirhugaða legu strengsins fylgdi með umsókn. Að verkinu koma 3-5 starfsmenn og áætlað að framkvæmdin taki 3 vikur. Verk myndi hefjast um leið og leyfi Umhverfisstofnunar liggur fyrir.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar og verndargildi svæðisins sé farið eftir skilyrðum leyfisins og tekið tillit til hraunmyndana á svæðinu.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Hafnarfjarðarbæ fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdinni innan Kaldárhrauns og Gjána sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið frá dagsetningu þessa bréf og til 31. des 2021 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.

- Þar sem þörf er á að fara út fyrir veg skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan veg að verkefni loknu.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, sem stuðlar að náttúrulegu útliti og um leið afmá öll ummerki framkvæmdarinnar.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Inga Dóra Hrólfsdóttir
Sviðsstjóri

Magnús Freyr Sigurkarlsson
sérfræðingur